

Íbúafundur um hringrásarsamfélagið og framtíð Reykhólahrepps var haldinn þann 6. júní í matsal Reykhólaskóla þar sem þátttakendur tóku virkan þátt í hópastarfi við mótun framtíðarsýnar samfélagsins. Hópastarfið gekk vonum framar þar sem lagðar voru fram margar hugmyndir og óskir um mótun samfélagsins til framtíðar og eru tillögur hópanna birtar hér í heild sinni hér að neðan. Þeim íbúum sem ekki gátu sótt fundinn sem og öðrum er einnig meir en velkomið að taka þátt í áframhaldandi mótun og framtíðarsýn samfélagsins með því að senda inn fleiri hugmyndir og athugasemdir á verkefnastjóra hringrásarsamfélagsins á netfangið kjartan@reykholar.is

Tillögur og niðurstöður hópastarfs íbúafundar eftir málaflokkum:

1. Umhverfis- og auðlindamál

- Við ráðum yfir auðlindinni. Auðlindin sé á einni hendi.
- Tryggja betra kaldavatn, meira magn og öruggar.
- Nýta vatnið til fulls.
- Sjá heilsulindina verða að veruleika.
- Affall af húsum er auðlind sem þarf að fanga.
- Hafá sér stað þar sem hægt er að nota hreinsiefni án þess að þau fari út í holræsakerfið.
- Sjávarfallaorka -nýta hana.
- Vindmyllugarðar uppi á fjöllum -ekki á láglandi.

2. Atvinna og efnahagsþróun

- Fjölbreyttari störf -ræktun; sjósókn; ferðaþjónusta; rannsóknir.
- Oftar opið í heilsugæslu með sjúkraþjálfun.
- Fleiri gróðurhús!
- Fleiri verslanir.
- Hárgreiðslustofu.
- Fleiri íbúðir -fleira fólk.
- Heilsuöð -sjávarböð.
- Sálfræðiþjónusta.
- Lögfræðiþjónusta.
- Störf án staðsetningar -skrifstofu fyrir það!
- Versla beint frá býli -umbúðalaust.
- Heimaslátrun með eftirliti í gegnum netið!
- Selja landbúnaðarvöru í gegnum net. Áskrift.
- Samþykkt tilraunaeldhús.
- Þörungamiðstöð Íslands, -þörungum + botnrannsóknir; ferðir um Breiðafjörð; sýning, ferðir, rannsóknarþjónusta.
- Ferðaþjónusta -ferðir í eyjar, siglingaþjónusta fyrir báta.
- Betri sjúkort fyrir Breiðafjörð!
- Hringveg um Reykjanesið fyrir hesta, hjól, torfæru.
- Ræktun á skeljum -nýjum tegundum og krækling.
- Veitingastað með eigin framleiðslu úr héraði.
- Tælandi skilti við Reykhólaafleggjara!
- Merktar gögnuleiðir.
- Túristavænan Reykhólavef -Visit Reykhólahrepp.

- Auglýsa skautasvell á veturna!
- Markaðssetja Reykhóla fyrir ferðamenn á Google Maps.
- Gera meira fyrir Hlunnindasýninguna.
- 10. bekkingar bjóði staðarleiðsögn á sumrin.
- ... og að kolefnisjafna ferðalagið sitt með gróðursetningu trjáa.
- Betri aðstöðu fyrir sjósund.
- Kaffihús og bar (Þarabjór; Gufubjór; Heljarskinsbjór; Grettir sterki)
- Sala sumarblóma, garðagróður.
- Meiri úrvinnsla úr þangi og þara.

3. Samfélags- og sveitarstjórnarmál

- Framhaldsmenntun. Samvinna skóla og samfélags, t.d. dvalarheimili, rjúfa félagslega einangrun eldri borgara.
- Miðstöð græna hugvitsins verði í Reykhólahreppi.
- Allir skólar nýsköpunarskólar.
- Rannsóknarsetur = Þörungamiðastöð, loftlagssetur, auðlindacenter! Störf óháð staðsetningu. Græna hugvitið. Hexagoninn! Klæddur stuðlabergi.
- Vantar grunnþjónustu sem kemur að almannavörnum (ræður ekki við stöðuna núna, hvað þá aukna umferð og aukningu á fólksfjölda).
- Almannaþingarsviðið (sjúkrabíll, slökkvistöð, lögregla, björgunarsveit, lækni/heilsugæsla) Staðsett við ristahlið svo það sé áður en maður kemur að þorpinu!
- Íþróttamiðastöð. Menningar- og íþróttamiðstöð Reykhólahrepps. MÍR húsið (aðstaða fyrir rækt; sjúkraþjálfara/nuddara; hárgreiðslustofa/snyrtistofa; sundlaug; löglegur innanhúss íþróttavöllur (eftir 20 ár); aðgengi fyrir alla; húsnæði undir menningarstarf).
- Römpum upp Reykhóla.
- Félagsmálastjóra á Reykhóla.
- Skipulag = Deiliskipulag með fjölbreyttri íbúabyggð.
- Tekjulindir -ljósleiðara í þorpið; auðlindagjöld til sveitarfélagsins; hitaveitan til sveitarfélagsins.

4. Samgöngur og fjarskipti

- Hjóla- og göngustígar í þorpinu.
- Vistgötur.
- Reiðleiðir -hestaferðir.
- Almenningsgöngur og tómsundabíll (tengja sveitina betur).
- Hleðslustöðvar við allar stofnanir fyrir starfsfólk (auka hvata til rafbílavæðingar).
- Hraðhleðslustöðvar við þjónustustofnanir! Fólk stoppar þar sem það getur hlaðið.
- Hönnun á miðbæ Reykhóla í göngufæri við byggðina.
- Mokstur á göngustígum (í forgangi?).
- Þjónusta/þjónustumiðstöð við skemmtiferðaskip = þarf að vera viðunandi miðað við fjölda. -Tengibátur Flatey – Reykhólar.
- Vestfjarðaleiðin – Að ferðaþjónustuaðilar fái stuðning og fræðslu til að nýta sér vörumerki.
- “Velkomin á Vestfirði” við Gilsfjarðarbrúnna.
- Aðdráttarafi = skilti, afþreyingarferðaþjónusta, merkingar.
- Þjónustumiðstöð vestfirskra ferðamanna í Króksfjarðarnesi.
- Kennileiti og örnefni.
- Ferðamálafulltrúi Reykhólahrepps.

- Vera tilbúin fyrir rafvæðingu flugs.
- Stæði fyrir einkaþotur (rafvæddar).

5. Menning, listir og þéttbýlisþróun

- Torg með litlu sviði svo hægt er að koma saman þar sem eru bekkir, grill og hægt er að halda uppá hluti í náttúrunni.
- Halda náttúrulegri fegurð (ekki verða að Reykjavík). -það er eitt af stærstu styrkleikum Reykhóla.
- Planta fleiri stór tré, fyrir skjól og fyrir yngri kynslóðina.
- Hægt að hafa árlega tónleika til þess að koma fólki saman -koma ættingjum saman.
- Aðgengi að íþróttasalnum. -hafa fótboltakennara sem verður alltaf á staðnum -hafa val á íþróttum.
- Verður að laga gangstéttir og vegi (sérstaklega niðri þörungaverksmiðju) -útrýma malarvegum úr þéttbýli.
- Kayajferðir á Langavatni.
- Gróður í kringum flugvöllinn.
- Staður fyrir listamenn til þess að leigja (eins og á Sigló).
- Strætóstöð á Reykhólum!
- Betri samgöngur fyrir allan hreppinn.
- Rútur til þess að hjálpa fólki sem á t.d. erfitt með að keyra til að komast að.
- Betri hjólastólaaðgengi t.d. uppí búð eða í skólann.
- Betri rækt.
- Stækka Kvennfélagsgarðinn.
- Bílasýningar/hátíð.
- Útsýnispallur með upplýsingum um samfélagið og söguna um Reykhóla.
- Sumarbústaðir með skógrækt.
- Reyna að fá Samkaup að koma hingað (stærri búð; góð vinna fyrir ungmenni; engar fleiri ferðir í Borgarnes).

6. Einkenni, saga og náttúra

- Skrásetja sögu Reykhóla -svo að hún gleymist ekki (tenging við Grettissögu).
- Skilti með myndum og litlum sögum af gömlum húsum.
- Uppbygging Bátasafnsins í tengslum við UNESCO viðurkenningu súðbirðinga.
- Nafnið „Hlunnindasýning“ – ekki skiljanlegt fyrir „yngri“ kynslóðir og alþjóðlegt.
- Meiri upplifun á Bátasafninu!!! Ekki bara upplýsingar.
- Grettislaug -saga, skrá, halda í hana en endurbæta og stækka.
- Ný baðaðstaða -tengja við sjóinn, þara, heitt vatn!!!
- Ferðaþjónusta út í eyjar, fleiri siglingar og bátstengingar (til mikil saga um eyjarnar).
- Aðgengi að umhverfi, náttúru og dýralífi; stígagerð; stígaviðhald (hringur); gönguleiðir, merkja og kort).
- Fuglalíf!!! séreinkenni.
- Mannauðinn, hugmyndir sem eru nú þegar til staðar, auglýsa (Dalli, Jón Árni, Grund traktórar, Dísá símaklefar). Þróun fleiri hugmynda, tengsl við það.